# Álagning skatta og gjalda í Hvalfjarðarsveit 2024

- **Álagning útsvars á tekjur ársins 2024 er 14,14%**

## *Álagning fasteignaskatta og fasteignagjalda:*

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir að leggja skuli árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári skv. fasteignaskrá. Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í fasteignaskrá.  Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts.

- **Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2024:**

Fasteignaskattur A-flokkur 0,36% af fasteignamati
Fasteignaskattur B-flokkur 1,32% af fasteignamati
Fasteignaskattur C-flokkur 1,65% af fasteignamati

## *Samhliða fasteignaskatti eru innheimt eftirfarandi fasteignagjöld:*

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,00% af fasteignamati

- **Gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs:**

***Íbúðarhúsnæði:***

| **Tegund íláts** | **Gjald kr./ílát á ári** |
|---|---|
| Blandaður úrgangur, 240 l tunna (dreifbýli) | 37.000.- |
| Blandaður úrgangur, 240 l tunna (Melahverfi/Krossland) | 37.000.- |
| Blandaður úrgangur, 140 l spartunna (dreifbýli)* | 28.000.- |
| Blandaður úrgangur, 140 l spartunna (Melahverfi/Krossland)* | 28.000.- |
| Blandaður úrgangur, 660 l tunna | 110.000.- |
| | |
| Pappírsefni, 240 l tunna (Melahverfi/Krossland) | 10.000.- |
| Pappírsefni, 660 l (eingöngu í dreifbýli) | 10.000.- |
| Pappírsefni, 240 l (dreifbýli) | 8.000.- |
| Pappírsefni, 140 l spartunna (Melahverfi/Krossland)* | 8.000.- |
| Pappírsefni, 140 l spartunna (dreifbýli)* | 8.000.- |
| | |
| Plastefni, 240 l tunna (Melahverfi/Krossland) | 10.000.- |
| Plastefni, 240 l tunna (dreifbýli) | 10.000.- |
| Plastefni, 140 l spartunna (Melahverfi/Krossland)* | 8.000.- |
| Plastefni, 140 l spartunna (dreifbýli)* | 8.000.- |
| | |
| Lífúrgangur, 140 l tunna | 8.000.- |
| | |

Meðhöndlun úrgangs fyrir sumarhús/frístundahús kr. 20.120.

Urðun úrgangs fyrir íbúðar- og sumarhús/frístundahús kr. 5.900.

Sjá nánar gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit á eftirfarandi slóð:
stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=bc24590e-c84b-4d1a-94e8-f101d5adeb9f

- **Gjald fyrir hreinsun rotþróa:**

  Hreinsunargjald er kr. 16.206 á rotþró við hvert íbúðarhús og sumarhús/frístundahús. Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming eigi sér stað þriðja hvert ár.

  Sjá nánar gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Hvalfjarðarsveit á eftirfarandi slóð: stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c9e82f82-fd5e-4ba1-93c3-fc40c02c3310

***Gjalddagar fasteignaskatts og gjalda árið 2024 verða níu á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er kr. 25.000 eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.***

### *Elli- og örorkulífeyrisþegar:*

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.
Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vélrænn samanburður tekna samkvæmt síðasta fyrirliggjandi skattframtali og þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðastliðins árs er afsláttur endurreiknaður og tilkynnt ef breyting verður. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

**Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti:**

| **Einstaklingar** | | |
|---|---|---|
| **Tekjumörk kr.** | | **Afsláttur** |
| - | 5.006.038 | 100% |
| 5.006.039 | 5.478.344 | 80% |
| 5.478.345 | 5.969.516 | 50% |
| 5.969.517 | 7.121.645 | 25% |
| **Hjón/sambúðaraðilar** | | |
| **Tekjumörk kr.** | | **Afsláttur** |
| - | 7.934.200 | 100% |
| 7.934.201 | 9.067.464 | 80% |
| 9.067.465 | 9.636.119 | 50% |
| 9.636.120 | 10.012.750 | 25% |

Álagning fasteignaskatta og gjalda er birt rafrænt á www.island.is en óska má eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar í síma 4338500 eða á póstfanginu hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

**Álagning fasteignaskatts er kæranleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.**
**Álagning á gjaldi fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs og gjaldi fyrir hreinun rotþróa er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.**

Linda Björk Pálsdóttir
sveitarstjóri